

# Stærðfræði 9.bekkur

Kennarar: Agnes María Ásmundsdóttir; Guðrún Anna Kjartansdóttir;  
Svala Hilmarisdóttir Magnús

9

Skólaárið

Skólaárið 2023 - 2024

## Helstu námsþættir vetrarins

Námsefninu er skipt upp í 5 lotur. Hver lota er 5-6 vikur og byggð á ákveðnu efni úr námsbókum. Nemendur vinna eftir vikuáætlun frá kennara. Ef nemdandi nær ekki að klára af einhverri ástæðu þarf að ljúka áætlun heima

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Lota 1 er frá skólabyrjun til enda september. Unnið er í kaflanum Talnareikningur í Skala 2a. Efnisþættir eru prósentur, veldi og ferningsrætur, staðalform, talnamengi og fleira.

Lota 2 er frá enda september til enda nóvember. Unnið verður með grunnþætti í algebru.

Lota 3 er frá byrjun desember til enda febrúar. Unnið verður með mál og mælingar t.d. tímabelti, mælieiningar, hlutföll, samsettar eingar og fleira.

Lota 4. Byrjun mars til enda apríl. Unnið með rúmfræði eins og ummál, flatarmál, rúmmál, yfirborðsflatarmál á ýmsum strendingum.

Lota 5. Frá byrjun maí til enda maí. Líkindi og talningarfræði. Farið verður yfir hvernig við finnum líkur á að ákveðnir hluti gerast.

## Námsaðlögun

Í þeim tilfellum þar sem nemendur ná ekki að fylgja námsmarkmiðum, þá er byrjað á því að stytta áætlanir og einfalda markmið. Ef þetta dugar ekki til þá er farið í það að útbúa einstaklings miðaðar kennsluáætlingar og markmið fyrir hverja lotu.

## Námsmat

Námið verður metið með leiðsagnamati yfir önnina sem og kaflaprófum sem lögð eru fyrir í lok hvernar lotu. Í lok skólaárs fá nemendur námsárangur metinn í bókstaf.

## Námsgögn

Skali 2A

Skali 2B

Almenn stærðfræði III

Verkefni frá kennara

### AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirmælum og nýtt tímann vel
- vandað vinnubrögð
- verið kurteis og tillitsamur

### AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál

### AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar

### AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Tölur og reikningur

- notað sætiskerfisriðhætt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann
- reiknað og notað prósentur í daglegu lífi
- unnið með veldi og reglur sem um þau gilda
- notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum,
- breytt milli mismunandi mælieininga
- reiknað með ræðum tölum
- gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota og tengt það við aðstæður úr daglegu lífi.

### AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Algebra

- leyst einfaldar stæður
- leyst einfaldar jöfnur
- margfaldað inn í sviga
- þáttað stæður

## AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Rúmfræði og mælingar

- notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými
- mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu
- teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hlutar og teikningar af honum,
- túlkað jöfnur í hnitakerfi

## AS Stærðfræði 9. bekkur 2023 - 2025 - Tölfræði og líkindi

- framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar,